

48 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar-
25. apríl sjóð Ólafs Eggertssonar og Þuríðar G. Runólfsdóttur frá Króksfjarðar-
nesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms og kirkjumála-
ráðherra 25. apríl 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Ólafs Eggertssonar og Þuríðar G. Runólfsdóttur
frá Króksfjarðarnesi.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafs Eggertssonar og
Þuríðar Guðrúnar Runólfsdóttur“.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjöf Ólafs Eggertssonar, 1000
— eitt þúsund krónur — af stofnfjáreign hans í Kaupfjelagi Króks-
fjarðar og afhentur 1. janúar 1916.

Sjóðurinn má standa í kaupfjelinu á meðan stjórn hans
álítur, að kaupfjelið sje tryggur fjárgæmslustaður, en þó ekki leng-
ur en 2 — tvö — ár eftir dauða gefandans. Þegar sjóðurinn — stofn-
fjeð — er tekinn út úr kaupfjelinu, legst hann í aðaldeild Söfn-
unarsjóðs Íslands. Vextirnir leggjast við höfuðstólinn, að svo miklu
leyti, sem þeim er ekki útbýtt sem verðlaunum eða styrk.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Geiradalshrepps og 2 — tveir
— menn kosnir á almennum hreppsfundi að haustinu. Kosningin
gildir til 3 — þriggja — ára. Starfsár sjóðsins er almanaksárið.

4. gr.

Sjóðnum er ætlað að efla hverskonar menningu í Geiradals-
hreppi, eins og nánar er til tekið í eftirfarandi greinum.

5. gr.

Verðlaun skulu veitt þriðja hvert ár fyrir góða meðferð á
öllum húsdýrum í Geiradalshreppi, eða á því svæði, er nú takmarkar
hann. Verðlaun veitast eigendum dýranna og skepnuhirðunum fyrir
ágæta hirðingu. Enginn einstakur má njóta verðlauna úr sjóðnum

lengur en þrisvar sinnum í röð. Að öðru jöfnu gengur sá fátæki fyrir til verðlaunanna.

48
25. apríl

Verðlaunin skulu vera tvenn:

1. verðlaun 50 — fimmtíu — krónur,
2. verðlaun 30 — þrjátíu — krónur.

Geti enginn náð 1. verðlaunum eitthvert verðlaunaárið, má veita tvenn 2. verðlaun.

Sje enginn verðlaunaverður eitthvert verðlaunaárið, skal veita verðlaun næsta ár, ef skilyrði eru fyrir hendi, og svo áfram frá því ári.

Verðlaunin veitast í fyrsta sinn árið 1920.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 3000 — þrjú þúsund — krónur, skal fara að veita verðlaun úr honum fyrir framúrskarandi dugnað í garðrækt og jarðrækt. Þau verðlaun skulu vera jöfn hinum og veitast sama ár og á sama hátt.

7. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 — tíu þúsund — krónur, skal stjórn sjóðsins endurskoða skipulagsskrá þessa og leita konungsstaðfestingar á hinni endurskoðuðu skipulagsskrá með áorðnum breytingum. Skal ákveðið í skipulagsskránni, að styrk eða verðlaun úr sjóðnum skulu vera að helmingi varið til verklegra framkvæmda eða umbóta. En ávalt skal verja nokkurri upphæð til að verðlauna góða meðferð og hirðingu á búfjenaði.

Hinum helmingnum sje einkum varið til að styrkja efnilega og siðprúða nemendur, jafnt konur sem karla, til þess að leita sjer alþýðlegrar mentunar, sjerstaklega erlendis.

Í skipulagsskránni má ákveða, að alt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna sje úthlutað.

8. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð 100000 — eitt hundrað þúsund — krónum, skal enn endurskoða skipulagsskrá hans. Það skal gjört á sama hátt og sagt er fyrir í 7. gr. Má þá ákveða í skipulagsskrá sjóðsins að $\frac{9}{10}$ hlutum vaxtanna skuli varið til hvers þess, er hreppnum, eða því svæði er hann nú nær yfir, má til menningar verða, sam-anber þó 7. gr.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta og auka þar til hann er orðinn 1000000 — ein miljón — krónur.

Eftir það skal öllum vöxtum árlega útbýtt. Höfuðstólinn — eina miljón — má aldrei skerða.

48

25. apríl

10. gr.

Stjórnin heldur nauðsynlegar bækur yfir rekstur sjóðsins. Andvirði þeirra, sem og annar stjórnarkostnaður greiðist af fje hans.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Króksfjarðarnesi, 21. mars 1927.

Ó. Eggertsson.

49

6. maí

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Vestur-Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum.

1. gr.

Sýslunefndin sjer um framkvæmd á hundahreinsun í sýslunni. Skál hún í samráði við hjeraðslæknir ráða einn mann til starfars 5 ár í senn. Maður sá skal hafa notið tilsagnar læknis áður en hann tekst starfan á hendur, og hlýða hans leiðbeiningum.

2. gr.

Allir hundar skulu hreinsaðir og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. desember ár hvert. Skylt er öllum hundaeigendum, að flytja hunda sína, á lækningastað þann, er lækningamaður ákveður og hjálpa til með hreinsunina.

3. gr.

Hundahreinsunarhús eitt eða fleiri eftir ákvæðum hreppsnefndar, skal reisa í hverjum hreppi sýslunnar og skulu þau helst vera steinsteypt. Greiðist kostnaður sá úr sveitarsjóði.

4. gr.

Hjeraðslæknir annast útvegum meðalanna og borgast þau úr sýslusjóði, eins skal úr sýslusjóði borga lækningamanni kr. 0,50 fyrir hvern hund, er hreinsaður hefir verið. Baðlyfin útvegar hreppsnefnd gegn greiðslu úr sýslusjóði.